

Ed.

891. Frumvarp til laga

um Þjóðleikhús.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Þjóðleikhúsið skal vera ríkisstofnun og lúta yfirstjórn menntamálaráðherra.

2. gr.

Í þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem tengdar eru leiksviði. Starfsemi þessa skal leikhúsið rækja svo, að hún verði sem öflugust stoð íslenzkri menningu. Höfuðhlutverk leikhússins skal vera að:

1. flytja íslenska og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa eftir því sem við verður komið;
2. vera til fyrirmyndar um meðferð íslenzkrar tungu;
3. halda skóla til eflingar íslenzkri leikmennt.

Þjóðleikhúsið skal flytja leikrit í ríkisútvarpið, sbr. 10. gr., sjónleiki utan Reykjavíkur eftir því, sem við verður komið, og vinna að eflingu leiklistar hvarvetna á landinu.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar þjóðleikhússtjóra og skrifstofustjóra.

Enn fremur skipar menntamálaráðherra fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra samkvæmt tillögum fjögurra fjölmennustu stjórnmalaflokkanna á Alþingi, en einn samkvæmt tillögu félags íslenzkra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins. Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins. Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um allar meiri háttar ákvarðanir, er stofnunina varða.

Þjóðleikhússtjóri ræður fasta leikara til allt að fimm ára í senn og gerir við þá ráðningarsamninga, hann ræður og aðra starfsmenn, enda samþykki menntamálaráðherra og þjóðleikhúsráð fjölda leikara og annarra starfsmanna og ráðningarkjör þeirra.

Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skal mælt fyrir um verkefni starfsmanna þjóðleikhússins hvers um sig og annað, er að stjórn og fyrirkomulagi leikhússins lýtur og þörf þykir að setja um fastar reglur.

4. gr.

Laun fastráðinna starfsmanna skulu ákveðin í launalögum. Þangað til það verður gert, skulu þau ákveðin af menntamálaráðherra með hliðsjón af ákvæðum launalaganna.

Leikhúsráð skal vera ólaunað.

5. gr.

Deir starfsmenn þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til minnst eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, skulu greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins.

Deir af fastráðnum starfsmönnum þjóðleikhússins, sem áður hafa unnið hliðstæð störf í þágu íslenzkrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins að fengnum upplýsingum og tillögum félags íslenzkra leikara.

6. gr.

Við þjóðleikhúsið skal starfa leikritanefnd, og eiga í henni sæti þjóðleikhússtjóri, fulltrúi frá leikhúsráði og fulltrúi frá fastráðnum leikurum, og skulu hinir

tveir síðarnefndu kjörnir til þessa starfa til tveggja ára í senn. Nefndin skal ræða þau leikrit, er Þjóðleikhússtjóri hyggst taka til sýningar, og skulu fulltrúar leikhúsráðs og leikara vera honum til aðstoðar við val leikrita.

7. gr.

Leikár telst frá 1. júlí til 30. júní.

Skipun starfsmanna Þjóðleikhússins skal miða við leikár.

8. gr.

Þjóðleikhússtjóri skal fyrir lok júnimánaðar ár hvert afhenda menntamálaráðherra til athugunar og samþykktar frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár.

Í lok hvers leikárs skal Þjóðleikhússtjóri afhenda menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skýrslu og reikning um rekstur Þjóðleikhússins á liðnu starfsári.

9. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa leikskóli. Þjóðleikhússtjóri ræður kennara og annað starfslið hans.

Um rekstur hans skal kveða á í reglugerð.

10. gr.

Náið samstarf skal vera milli Þjóðleikhússins og ríkisútvarpsins. Þjóðleikhúsið lætur ríkisútvarpinu í té leikrit til flutnings, eftir því sem samkomulag verður um milli Þjóðleikhússtjóra og útvarpsráðs. Starfsmönnum Þjóðleikhússins ber hvorki sérstök þóknun fyrir slíkan flutning né leiksýningar utan Reykjavíkur.

11. gr.

Þegar leikhúsið er ekki notað til leiksýninga, má nota það til hljótleikahalds og kvikmyndasýninga.

12. gr.

Verði tekjuafgangur af rekstri Þjóðleikhússins, skal hann lagður í rekstrarsjóð þess. Verði rekstrarhalli, skal hann greiddur úr rekstrarsjóði Þjóðleikhússins.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.